

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 130/1136**  
**komudagur 25.2.2004**



Efnahags- og viðskiptanefnd  
Alþingis,  
150 Reykjavík


Reykjavík 23. febrúar 2004

Landssamtökin Þroskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um stimpilgjald 543. mál.

Landssamtökin Þroskahjálpar eru sammála efnisatriðum frumvarpsins og taka undir með flutningsmönnum um að „engin haldbær rök styðja að gerður sé greinarmunur á innheimtu stimpilgjalda af heimildarbréfum fyrir félagslegu leiguhúsnæði annars vegar og heimildarbréfum vegna kaupa á íbúðum með viðbótarlánnum hins vegar“ leiguhúsnæðinu í óhag.

Allur kostnaður þ.m.t. stimpilgjöld sem leiðir til hærri stofnkostnaðar af félagslegu leiguhúsnæði hjá félagasamtökum eins og Húsbyggingasjóð Landssamtakanna Þroskahjálpar leiðir til hærri leigu hjá skjólstæðingum samtakanna sem allt er efnalítið fólk sem ekki á aðra búsetumöguleika.

Virðingarfyllst f.h  
Landssamtakanna Þroskahjálpar

  
Friðrik Sigurðsson, framkvæmdarstjóri